

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 136/1951. **Oliufélagið h/f** (Theódór B. Lindal)

gegn

Gustav Håkonsen f. h. Håkons Håkonsens
og gagnsök (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bifreiðarslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann *ad allega* algerrar sýknu, en *til vara*, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. nóvember 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 397.230.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júní 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur lagt fram í Hæstarétti vottorð Gunnars J. Cortes læknis, dags. 3. þ. m. Vottar læknirinn, að drengurinn Håkon Håkonsen hafi ekki fengið neinn bata og ekki horfur á breytingu til batnaðar.

Með því að kaupgjaldsvísitala hefur hækkað, frá því að útreikningur á örorkubótum var gerður í héraði, hefur gagnáfrýjandi fengið og lagt fram í Hæstarétti nýjan útreikning tryggingarfræðings á örorkubótum, miðaðan við kaupgjaldsvísitölu þá, sem nú gildir. Samkvæmt hinum nýja útreikningi eru örorkubætur taldar kr. 423.421.00 í stað kr. 291.253.00. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða

gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Olíufélagið h/f, greiði gagnáfrýjanda, Gustav Hákonsen f. h. Hákons Hákonsens, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Gustav Hákonsen, Hátúni 25 hér í bæ, f. h. ólöggráða sonar sins, Hákons Hákonsens, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. júní 1950, gegn Olíufélaginu h/f hér í bæ. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 397.230.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur *adallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til *vara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Þá hefur Samvinnutryggingum, hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið, R-4542, var váttryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að þann 3. desember 1948 varð drengurinn Hákon Hákonsen, sem var 5 ára að aldri, fyrir olíuflutningabifreiðinni R-4542, sem er eign stefnda, og hlaut stórkostleg meiðsl.

Ökumaður R-4542 hefur skýrt svo frá atvikum, að umræddan dag kl. 14.20 hafi hann ekið bifreiðinni suður Laugateig og haldið henni vel á vinstra vegarhelmingi. Fyrir utan húsið nr. 37 við Laugateig hafi hann stöðvað bifreiðina, enda hafi hann ætlað að flytja olíu í oliugeyma þess húss. Um hús þetta, sem stendur austan götunnar, er steingarður. Nokkru norðar en bifreiðin var stöðvuð, er hlið á garði þessum, og fyrir innan hliðið eru oliugeymar hússins. Ökumaðurinn kveðst síðan hafa farið út úr bifreiðinni, gengið aftur fyrir hana til að athuga hlið þetta og lagfæra akleiðina um það, þá hafi hann litið í kringum sig, en engan mann séð nálægan né neitt, er fyrir gæti orðið. Síðan hafi hann farið inn í bifreiðina vinstra megin, en þeim megin er stýri hennar, og ekið síðan aftur á bak norður götuna. Hafi hann gefið hljóðmerki, um leið og hann ók aftur á bak, haft vinstri hurð stýrishússins opna og horft aftur með bifreiðinni. Ekkert hafi hann séð til mannaferða og einskis orðið var.

Er hann hafði ekið rétt norður fyrir umrætt hlið, kveðst hann hafa stöðvað bifreiðina. Ekið síðan áfram á ská suðvestur götuna og stöðvað bifreiðina á suðurbrún hennar í þeirri stöðu, að hann gat ekið henni aftur á bak inn um hliðið. Kveðst ökumaðurinn þá hafa litið yfir götuna og séð lítinn dreng liggja í sandinum austan götunnar á móts við húsið nr. 37 við Laugateig. Hafi hann þá hraðað sér að drengnum, sem hafi legið þversum á götunni, höfuðið vísað að steinveggnum, en fæturnir yfir vinstri hjólför bifreiðarinnar. Ökumaðurinn gerði þegar ráðstafanir til, að sjúkrabifreið og löggæzlumenn kæmu á vettvang. Reyndist drengurinn vera Hákon Hákonsen, og hafði hann hlotið stórkostleg meiðsl. Engin vitni voru að slysi þessu, og drengurinn hefur lítt getað gert grein fyrir atburði þessum. Hann kveðst hafa gengið suður götuna austan við akbrautina og ætlað í skóla í húsinu nr. 39 við Laugateig, en það hús er næsta hús sunnan við nr. 37 við sömu götu. Bifreiðinni hafi verið ekið aftur á bak, hún komið við sig, hann dottið og bifreiðin síðan ekið yfir fætur sína.

Af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar var höfðað refsímál gegn ökumanni R-4542 vegna atburðar þessa. Með dómi í aukarétti Reykjavíkur, uppkveðnum 2. júní 1949, var ökumaður R-4542 talinn hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 og ákvæðum 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna nr 24 frá 1941 í umrætt sinn.

Dómi þessum mun ekki hafa verið áfrýjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður R-4542 eigi alla sök á slysi þessu með gálauslegum akstri í umrætt sinn. Beri stefnda því að bæta allt það tjón, sem af hafi hlotizt.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ökumaður R-4542 hafi enga sök átt á slysi þessu, þar sem hann hafi sýnt alla þá varkárni í akstri, sem hægt sé að krefjast. Hann hafi stöðvað bifreiðina og gætt nákvæmlega í kringum sig, áður en hann hóf akstur aftur á bak. Hafi hann ekið örþægt, gefið hljóðmerki og gætt vel aftur fyrir sig, meðan hann ók aftur á bak. Meira verið ekki af honum krafizt.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að Hákon litli hafi átt meginsök á slysi þessu með því að hlaupa fyrir bifreiðina og forða sér ekki.

Dómarinn hefur farið á staðinn og kynnt sér staðhætti alla. Gatan er um 12 metra breið, þar sem slysið varð. Gangbrautir ekki afmarkaðar. Slysið virðist hafa orðið um 2 metra frá greindum steinvegg, en bifreiðinni verið ekið afturábak um 15 metra frá slystaðnum.

Bifreiðin R-4542 er af svo nefndri Chevroletgerð, smíðuð árið 1946. Hún er 2,26 metrar á breidd, um 7 metrar á lengd. Hurðir á stýrishúsi opnast að aftan. Vörupallur enginn, en olúgeymir er festur á burðargrindina.

Þegar virt eru atvik að slysi þessu, er ljóst, að drengurinn Hákon hefur verið mjög nálægt bifreiðinni, er ökumaður R-4542 sté upp í bifreiðina og hóf akstur aftur á bak. Ökumaðurinn kveðst hafa haft vinstri hurð stýrishússins opna í umrætt sinn og horft aftur með bifreiðinni. Ljóst er, að drengurinn hefur orðið undir vinstra hjóli eða hjólum bif-

reiðarinnar, og ökumaðurinn hefur ekið yfir hann og framhjá honum án þess að verða hans var. Þegar þessa er gætt og þess, að ökumaðurinn ók á þeim hluta götunnar, sem ætlaður er fótgangandi fólki, en gerð bifreiðarinnar var slík, að útsýn hans aftur með henni var takmörkuð, þá verður að telja, að verulega hafi skort á aðgæzlu í akstri hans í umrætt sinn. Með vísan til þessa og þar sem ekki hefur verið leitt í ljós, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður R-4542 sýnt fulla aðgæzlu og varkárni, verður að telja stefnda bera fébótaábyrgð á slysi þessu.

Ekki er framkomið, að drengurinn Hákon Hákonsen hafi hagað sér á neinn þann hátt í umrætt sinn, að hann verði talinn eiga sök á, hvernig fór.

Samkvæmt þessu ber stefnda að bæta honum að fullu tjón það, sem hann hefur beðið af slysi þessu.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Öror kubætur og bætur vegna kostnaðar af sérstakri umönnun, en að frádregnum öror kubótum frá Tryggingarstofnun ríkisins (292.771.00 + 20.356.00 ÷ 21.874.00) kr. 291.253.00
2. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum .. — 100.000.00
3. Kostnaður við lækningatilaun — 46.977.00

Kr. 438.230.00

Hér frá ber að draga fé, er stefndi hefur þegar greitt — 41.000.00

Kr. 397.230.00

Um 1.

Hákon Hákonsen var þegar eftir slysið fluttur á sjúkrahús. Í vottorði Þórarins Sveinssonar lækni, dags. 8. maí 1950, er sjúkrasaga hans þannig rakin:

„Samkvæmt sjúkraskrá spítalans var komið með drenginn í sjúkrahúsið kl. 3 um daginn. Hafði slysið skeð þá rétt áður. Hann var með meðvitund og gat sagt, að bill hefði bakkað á sig. Hann kvartaði um þrautir í maga og gat ekkert hreyft ganglimina. Engin einkenni fundust einnig á beinum, en húðrispur voru framan á lærum og víðar, en engar blæðandi. Hann kastaði litils háttar upp. Við skoðun kom í ljós alger lömum á ganglimum og tilfinningarleysi upp á mótis við 8.—9. brjóstlið. Saur og þvag fór óafvitandi. Vegna bjúgs í penis varð þann 11. desember að láta drenginn liggja með katheter demeure. Röntgenmyndir sýndu engin beinbrot. Tekin var mynd af mænugangi þann 26. janúar 1949, og var hindrun á rennsli kontrastefnisins á 9. til 11. brjóstliðasvæði. Gerð var aðgerð (laminectomia) til að komast eftir, hvort beinflis eða blæðing þrýsti að mænunni, en ekki var neitt athugavert að finna á þessu svæði með aðgerð þessari (Bjarni Oddsson). Hann lá síðan áfram í sjúkrahúsinu til 12. júlí 1949, en þá var hann sendur til Ameríku og var

lagður inn í St. Mary's Hospital, Rochester, Minnesota, 14. júlí 1949, og var hann þar til rannsóknar til 14. október s. á. Fékk samt nudd og rafmagnsmeðferð eftir það þar í sjúkrahúsinu, en varð fyrir því slysi að detta og fótbrotna á hægri fæti, svo að hann var innlagður að nýju í sjúkrahúsið 23. október s. á. og var þar til 2. nóvember s. á. Um bata var engan að ræða.

Hann fékk stól til að sitja í, og getur hann mjakað sér dálítið um í honum. Samkvæmt munnlegum upplýsingum heimilislæknis hans, G. Cortes, hefur slasaði legusár og þarf mjög mikillar hirðingar með, eins og að líkum lætur.

Ályktun: Um er að ræða sköddun á mænunni á brjóstliðasvæðinu, sennilega undan 8. eða 9. lið, ef dæma má eftir taugatruflunum þeim, er lýst er í vottorðunum og sjúkraskrá Landsspítalans. Sköddun þessi er það alvarleg, að varanleg lömun hefur af hlotizt, og fullt útlit er fyrir, að úr því muni ekki rætast héðan af.“

Örorku vegna slyssins taldi læknirinn vera 100% varanlega örorku.

Í vottorði sérfræðings í handlækningasjúkdómum, dags. 18. f. m., er ástand drengsins talið hið sama og batahorfur engar.

Hákon Hákonsen er fæddur 8. marz 1943, og ekki er annað fram komið en að hann hafi verið heilsuhaustur fyrir slysið.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingu til að reikna örorkutjón drengsins.

Tryggingasérfræðingur þessi telur, að nútíma verðmætis-

tap drengsins vegna örorkunnar, miðað við vinnutekjur

verkamanna í Reykjavík, nemi kr. 292.771.00

Aukakostnað vegna sérstakrar umönnunar hefur hann

átlað alls — 20.356.00

Nútímaverðmæti örorkulífeyris þess, er drengurinn muni

fá frá Tryggingarstofnun ríkisins telur tryggingafræð-

ingur — 21.874.00

Hefur stefnandi lagt fjárhæðir þessar til grundvallar kröfum sínum samkvæmt þessum lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Þegar virt er örorka drengsins, möguleikar þeir, sem ætla má, að hann hefði haft til tekjuöflunar, og þess gætt, að dæmdar fébætur verða ekki taldar honum til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, svo og annars þess, er hér skiptir máli, þá þykja hæfilegar bætur til hans samkvæmt þessum lið nema kr. 250.000.00.

Um 2.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum drengsins og rakin sjúkrasaga hans og framtíðarmöguleikar. Þegar þetta allt er virt svo og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Um 3.

Kröfuliður þessi hefur ekki sætt andmælum, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessu verður tjón drengsins af völdum slyssins talið alls kr. 356.977.00 (250.000.00 + 60.000.00 + 46.977.00). Þar frá ber að draga þær kr. 41.000.00, sem stefndi hefur þegar greitt. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 315.977.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Oliufélagið h/f, greiði stefnanda, Gustav Hákonsen f. h. Hákons Hákonsens, kr. 315.977.00 með 6% ársvöxtum frá 12. júní 1950 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 184/1951. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Ólafi Magnússyni Waage (Þórólfur Ólafsson).

Brot gegn 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða fyrir brot það, sem lýst er í héraðsdómi, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Þá ber og samkvæmt 3. málgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar svo og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Magnússon Waage, sæti fangelsi 4 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosn-